

19. Stjórnarfundur

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr. 19

19. fundur 2011, símafundur 14. nóvember kl. 8.30

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir

- Umræða um LÆ. Guðmundur Óli er tilbúinn í meiri vinnu með LÆ. Hugmynd að LÆ spili í Hörpu á Nótunni í mars á lokatónleikum.
- Þarf að kanna hvort allir vilji vera með áfram í LÆ.
- Búið að athuga að SÍSL getur fengið Hof á laugardegi á landsmóti A/B sveita á Akureyri 28. Apríl. Möguleiki að vera með tvenna tónleika fyrir landsmótið og eina tónleika sem væri selt inn á fyrir almenning.
- Ein æfingahelgi til að æfa upp nýtt efni
- Senda póst á alla þátttakendur og stjórnendur og biðja um svar fyrir 22. Nóvember um þátttöku.
- Hringja í Hjörleif skólastjóra Tónl.Akureyri og fá hugmyndir að tónlist fyrir landsmótið
- Athuga styrki á Akureyri fyrir útsetningum. Þarf að útsetja 5 lög, eitt fyrir hverja sveit.
- Fá lög í byrjun desember og senda út til útsetjara, skil á útsetningum 20. Febrúar
- Fá nótnanefndina til að fara yfir og leiðrétta fyrir prentun
- Fá nýjar útsetningar og hugsanlega nýja útsetjara, spurning um að skoða unga útsetjara
- Tala við LHI um nemendur þaðan sem gætu útsett
- Útsetjarar: Einar Jóns, Össur, Ingi Garðar, Martin, Lárus, Tryggvin, núna síðast Jóhann Mór, Jón Björgvins, Daníel Bjarna nýr maður en kannski meira fyrir eldri nemendur.
- Senda út skráningarblað fyrir landsmót í janúar.
- Skoða Exelskjalið og athuga hvort það sé hægt að laga það, þarf að vera hægt að leggja skjölin saman til að fá heildartölur
- Spurning hvort það eigi að senda inn þátttökutilkynningar á netumsóknum?
- Ræða við Malcolm og fá fund með honum vegna heimasíðu SÍSL, hver er framtíð síðunnar, athuga netföng á henni. Athuga með fund 21. Nón.
- Mikill áhugi á Ísafirði að halda næsta C/D mót, spurning um tímasetningu

Fundi slitið kl. 10.45